

## Ábendingar Landssamtakanna Proskahjálpar til vinnuhóps ráðuneyta um gerð skýrslu um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálans).

16. maí 2018

Landssamtökin Proskahjálp vilja á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við vinnuhópinn en áskilja sér rétt til að koma frekari ábendingum á framfæri við hann síðar. Þá má gera ráð fyrir að samtökin muni einnig senda nefnd um réttindi Barnasáttmálans ábendingar sínar.

Ekki þarf að hafa mörg orð um að fatlað fólk og fötluð börn eru sérstaklega berskjölduð fyrir mismunun af ýmsu tagi. Alþjóðasamfélagið hefur viðurkennt það m.a. með gerð samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem lagður var fram til undirritunar og fullgildingar árið 2007 (nú þegar hafa 177 ríki fullgilt hann). Ísland fullgilti samninginn árið 2016 og skuldbatt sig til þar með til að virða hann og framfylgja ákvæðum hans.

Í 2. gr. Barnasáttmálans er kveðið á um skyldur aðildarríkja til að „virða og tryggja hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningi þessum, án mismununar af nokkru tagi“. Í greininni er **fötlun** sérstaklega tilgreind í því sambandi. Þá er þar mælt fyrir um að bann við mismunun gagnvart barni nái ekki einungis til einkenna eða aðstæðna sem eiga við um barnið heldur einnig einkenni eða aðstæður sem eiga við um foreldri þess eða lögráðamann.

Landssamtökin Proskahjálp leggja mikla áherslu á að við gerð skýrslu um framkvæmd Barnasáttmálans á Íslandi verði sá mælikvarði sem leiðir af ofangreindu banni við mismunun á grundvelli fötlunar lagður á öll þau svið samfélagsins sem Barnasáttmálinn nær til. Nauðsynlegt er að við það verði einnig litið til ákvæða samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og ekki síst 5. gr. hans sem hefur yfirskriftina *Jafnrétti og bann við mismunun*. Í því sambandi er einnig nauðsynlegt að taka mið af almennum athugasemdum (e. General Comments) eftirlitsnefndar við samninginn varðandi þá grein hans sem má nálgast á eftirfarandi hlekk:

[http://tbinternet.ohchr.org/\\_layouts/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRPD/C/GC/6&Lang=en](http://tbinternet.ohchr.org/_layouts/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRPD/C/GC/6&Lang=en)

Þá þarf sérstaklega að líta til ákvæða 23. gr. Barnasáttmálans þar sem mælt er sérstaklega fyrir um margvíslegar skyldur ríkja gagnvart fötluðum börnum.

Einnig er nauðsynlegt að skoða vel stöðu barna með innflytjendabakgrunn (innflytjendur, hælisleitendur, flóttamenn) í íslensku samfélagi, sbr. m.a. 22. gr. Barnasáttmálans og í því sambandi þarf að líta sérstaklega til stöðu barna með fötlun eða annars konar skerðingar sem tilheyrja þeim hópi og eru því sérstaklega berskjölduð gagnvart margþættri mismunun.

Landssamtökin Þroskahjálp óska hér með eftir að fá að koma á fund vinnuhópsins til að gera honum grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum sem drepið er á hér að framan og vísa til stuðnings þeirri ósk m.a. til 3. tl. 4. gr. (*Almennar meginreglur*) samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks um skyldur stjórnvalda til samráðs við fatlað fólk og samtök sem vinna að hagsmuna- og réttindamálum þess.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.